

6. Stjórnarfundur UMSB haldinn 26. júní 2018 í Borgarnesi.

Mættir: Guðrún, Anna Dís, Kristín, Sigurður, Sigga Dóra og Sigríður kom aðeins seinna.

1 og 2. Fundarsetning og samþykkt síðustu fundargerðar.

Guðrún setur fundinn og leggur fyrir fundargerð síðasta stjórnarfundar sem er samþykkt með þeim formerkjum að eitt fylgiskjal vantar.

3. Verkefni Tómskundastjóra - Sigga Dóra.

Sumarfjör og vinnuskóli aðalverkefnin núna og það gengur vel. 2 vikur frí þar. Sjöundi bekkur fær 2 vikur í vinnuskólanum.

Einungis ein umsókn kom um afreksstyrk vegna vinnuskóla. Það verkefni þarf að kynna betur.

S.D. verður í sumarfrí í júlí en tekur einhverja vinnudaga þegar þörfin er brýnust.

Fyrir veturinn þarf að gera betra plan/samræmdara fyrir 1 - 4 bekk.

Bókun:

Stjórn UMSB beinir því til Borgarbyggðar að kanna kaup á smárútu til að auðvelda ferðalög ípróttabarna/fólks um sveitarfélagið til að auka nýtingu ípróttahúsanna og efla samheldni félaganna til ípróttaiðkunar barna. Þessa bifreið mætti vel nýta í sumarfjóri, vinnuskóla og keppnisferðalaga. UMSB ætti að halda utanum reksturinn.

4. Verkefni framkvæmdastjóra - Siggí.

Sumarfrí 4 - 7. júlí og 16 - 27 júlí

Verkefni - er að setja fundargerðir inn á heimasíðu

Er að skoða með húsnæði fyrir UMSB vegna hrakhóla Grunnskólans í Bgn.

Auglýsa tímaóskir í ípróttahúsin fyrir veturinn.

Auglýsa landsmót UMFÍ á Sauðárkróki 12 - 15. júlí.

Huga að Unglingalandsmóti í Þorlákshöfn um verslunarmannahelgina.

Veltir fyrir sér með heilsuhátíð í haust.

Námskeið í færslum í Nóra þarf að komast á koppinn fyrir haustið.

Sama að segja með örnámskeið fyrir gjaldkera.

Vinna þarf í að kynna jaðarsport en styrkur hefur fengist til þess.

Lyklahús er komið á þjónustuhúsið sem við höfum núna.

30. ágúst talinn heppilegasti dagurinn til að hafa kynningardag á því sem er í boði fyrir börn, unglunga og eldri hjá aðildarfélagunum í haust.

Setja þarf upp skjal þar sem allar dagsetningar vegna skila,skráningar og fl er samankomið.

BB. hefur ekki enn tilnefnt mann í Mee Too teymið. **Reka þarf eftir því.**

5. Úthlutun styrkja

6 umsóknir bárust um styrki 3 einstaklings 2 hópumsóknir og 1 umsókn til kaupa á grindum v. hlaupa.

Ekki var ljóst úr hvaða fjármunum við höfum að spila Sigga ætlar að kalla eftir hálfársuppgjöri frá KPMG og athuga í leiðinni með hvort samningur er í gildi fyrir bókhald fyrir aðildarfélögin.

Samþykkt var þó að geyma grindahlaupumsóknina en styrkja hina um sömu upphæð og í fyrra þ.e. 50 þús pr. hóp og 20 þús pr. einstakling.

Velt var upp þeirri hugmynd hvort UMSB ætti að sækja um styrki til fyrirtækja eða hvort við værum þá komin í samkeppni við aðildarfélögin.

Stéttarfélag Vestulands er með hugmyndir um að koma inn í einhvern afrekssjóð með fjármuni og því var líka velt upp hvort ekki ætti að pressa BB miklu meira til að auka fjármagn í afrekssjóð og reyna að fá Stéttarfélagið með sér í það. Þetta var samþykkt . **Sambandsstjóra, gjaldkera og framkvæmdastjóra falið að fara með þessa kröfugerð í Borgarbyggð.**

Rammi fyrir þessa styrki okkar þarf að vera skýrari og við að muna að hafa fjármuni í fjárhagsáætlun.

6. Landsmót UMFÍ 12 - 15. júlí.

Reynum að hafa búninga til fyrir það.

7. Húsnæðismál UMSB.

Hugmyndir Borgarbyggðar eru að ýta UMSB út úr þjónustuhúsinu næstu 1 - 2 árin vegna hrakninga Grunnskólans.

Ekki hefur komið formlegt erindi frá Borgarbyggð og því ekki hægt að taka málið fyrir efnislega.

Samþykkt að óska eftir formlegu erindi frá B.B.

Sigurður framkv. stj. sér um þann eftirrekstur með hraði.

B.B. hefur samningsbundna skyldu til að sjá okkur fyrir húsnæði vegna þjónustuhússins og því er verið að leita að húsnæði til að hola okkur niður í, það má ekki kosta neitt og því er leitinn dálítið þröng.

Við verðum ekki eins sýnileg með þessu og getum takmarkað boðið aðildarfélagunum uppá þjónustu nærri íþróttamannvirkjunum.

Hætta er á að húsið tapist okkur og því er mjög áriðandi að við gerum skriflegan samning um hvernig framhaldið verður.

Í vetur var rætt að hækka leiguna sem greidd er fyrir húsnæðið sem UMSB á en það hefur ekki komist í verk enn en nú þurfum við að greiða í hússjóð 5000.- á mán vegna framkvæmda og því enn brýnna að hækka leiguna.

Fara þarf í saumana á leigusamningnum og laga þessi mál eins og hægt er vegna samningsins.

Sigurður á að fara í það með Siggu gjaldk og Júlíu sambandsstj.

8. Önnur mál.

Það þarf að ýta við Bb vegna tilskipunar manns í Mee too teymis.

Spurt um hvernig staðan er í persónuverndarmálunum og svo sem ekkert nýtt þar en regnhlífin okkar er að reyna að finna út lausnir fyrir sambandsaðilana sína.

Sigga Dóra spyr um hvort sé hægt að fá símapeninga því hún þurfi að endurnýja símann sinn sem er hennar helsta atvinnutæki. Þessu er tekið með velvilja.

Gjaldkeri lofar að gefa henni svar fyrir vikulok.

Sigga Dóra er að fara í nám með vinnu í haust og óskar eftir að fá að vera á launum í staðarlotum og þ.h.

Þessu var heldur vel tekið.

Ákveðið að næsti fundur verði 13. ágúst í Borgarnesi. kl 20.00

9. Unglingalandsmót í Þorlákshöfn.

Auglýsa vel og hafa búninga tiltæka.

Búa til grúbbu til að halda utanum mótið. Finna helst 3 öflugra foreldra til að sansa spurningar og utanumhald. Við þurfum að vera í sambandi við SamVest félögin um tjaldsvæði, samkomutjald og þá starfsemi.

Samþykkt að nýta stóra tjaldið okkar Vestlendinga.

Fleira ekki tekið fyrir sem fært hefur verið til bókar.

Kristín Gunnarsd. ritar